

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Niðursuðuverksmiðja
Markmið	Hefja framleiðu á niðursoðnum vörum. Verksmiðjan er uppsett og þarfnast standsetningar
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Standsetning niðursuðuverksmiðju á Kópaskeri. Verksmiðjan hefur verið óstarfrækt í tæp fjögur ár. Fara þarf yfir allan vélbúnað og húsnæði til að koma verksmiðjunni í gang sem fyrst. Meðfylgjandi er verk- og kostnaðaráætlun.
Framkvæmdaaðili	Kopa food ehf
Samstarfsaðilar	Fraktlausnir ehf og Fiskmarkaðir Íslands. Mögulegir samstarfsaðilar; Vélsmiðjan á Kópaskeri; Fjallalamb. Afleiðustörf; Iðnaðarmenn, húsnæðiseigendur, verslun ofl.
Tengsl við sóknaráætlun	Nýskráð fyrirtæki 7-9 ný störf Verksmiðjan gengur fyrir rafmagni (engin olía) Nýsköpun í vöruþróun og matvælatækni Aukin þekking við starfsmenntun við matvælavinnslu Jafnlaunastefna Úrgangur lífrænn og endurnýtanlegur Endurnýtanlegar umbúðir
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	2.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring.  2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.  8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.  8.3 Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálþjónustu.  8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.</p> <p>9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.</p> <p>12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.</p> <p>12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi soun matvæla á smásöllumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.</p> <p>12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.</p> <p>14.7 Eigi síðar en árið 2030 hafi þau þróunarlönd sem eru smáeyríki og þau sem skemmst eru á veg komin hlotið efnahagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, meðal annars með því að ástunda sjálfbæra stjórn fiskveiða, sjálfbært fiskeldi í sjó og sjálfbæra ferðapjónustu.</p> <p><i>14.B Veita þeim sem veiða í smáum stíl aðgang að sjávarauðlindum og mörkuðum.</i></p>
Árangursmælikvarðar	<p>Viðgerðir utanhús lokið jún 2020  Rafmagn og pípulagnir júlí 2020  Loftræstikerfi júní 2020  Vélbúnaður verksmiðju Júlí 2020  Vöruþróun september 2020</p>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Standsetning verksmiðju lokið svo framleiðsla getur hafist sem fyrst á niðursoðinni þorskalifur og fullunnum gæða fiskréttum. Störf við framleiðslu verða 7-9 auk þess störf við sölu og framkvæmdastjóri Afleiðustörf má ætla að verði þó nokkur.</p>
Upphaf og lok verkefnis	<p>Byrjað verður í maí 2020. Stefnt er að því að framleiðsla verði hafin í lok ágúst 2020.</p>
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	<p>12.350.000.</p>
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	<p>Óskað er eftir framlagi úr sóknaráætlun um 50% á mót við eigendur.</p>
Mótframlag (ef við á)	<p>Kopa food ehf. leggur til 6.175.000.  Þegar hefur verið fjárfest í plötufrystir (3.000.000) og lyftara (2.790.000) ásamt verksmiðjunni.</p>

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	
--	--